

**Kynning á nýjum kjarasamningi
SNS við Félag grunnskólakennara
undirritaður 25. maí 2018**

Þann 25. maí 2018, undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara (FG) nýjan kjarasamning. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn mun liggja fyrir þann 6. júní næstkomandi.

Helstu atriði samningsins eru eftirfarandi:

Gildistími

Gildistími samnings er frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019.

Hækkun launa

Laun kennara hækka á samningstímanum sem hér segir:

Þann 1. júní 2018 hækka laun um 4,1% samkvæmt launatöflu 2.

Eingreiðsla 1. júlí 2018

Þann 1. júlí 2018 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi í maí 2018 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 150.000. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í maí 2018.

Eingreiðsla fyrir félagsmenn FG í fæðingarorlofi

Sbr. fundargerð 81. fundar samstarfsnefndar aðila: Félagsmenn FG sem voru í fæðingarorlofi í maí 2018 skulu njóta eingreiðslu sbr. 1.1.4. í kjarasamningi KÍ v/ FG og SNS. Félagsmenn sem voru í launalausum í framhaldi af fæðingarorlofi í maí 2018 njóta ekki eingreiðslu frekar en starfsmenn sem voru í launalausum leyfi á sama tíma.

Félagismaður FG sem er launalausum leyfi í framhaldi af fæðingarorlofi fær eingreiðslu hlutfallslega m.v. þann tíma sem viðkomandi var í fæðingarorlofi á tímabilinu 1. desember 2017 til 31. maí 2018.

Hækkun annaruppbóta

Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvernar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. júní 2018 kr. 85.000,-

Annaruppbót 1. desember 2018 kr. 85.000,-

Annaruppbót 1. júní 2019 kr. 89.000,-

Breytingar á starfsheitum frá 1. ágúst 2018.

Starfsheiti leiðbeinenda verða fjögur í stað tveggja frá 1. ágúst 2018. Önnur starfsheiti verða óbreytt.

Leiðbeinandi 1 (lfl. 226)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.

Leiðbeinandi 2 (lfl. 228)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og er í kennaranámi við háskóla (Bed-námi).

Leiðbeinandi 3 (lfl. 228)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og lokið háskólaprófi s.s BA/BS sem nýtist í starfi.

Leiðbeinandi 4 (lfl. 229)

Hefur lokið B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræði eða hefur leyfisbréf á öðrum skólastigum og hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.

Leiðbeinendur sem sinna umsjón fá 2 lfl. til viðbótar (frá 1. ágúst 2018)

Takist ekki að fela kennara með leyfisbréf umsjón með nemendum í námshópi, má fela leiðbeinanda með undanþágu það verkefni (sbr. lög nr. 91/2008 13 gr.). Hann raðast þá 2 lfl. hærra en ella.

Persónuálag vegna viðbótarmenntunar

Nýir menntunarkafar, annarsvegar fyrir grunnskólakennara og hinsvegar leiðbeinendur, taka gildi frá og með 1. ágúst 2018.

Kennarar með leyfisbréf og náms- og starfsráðgjafar geta fengið persónuálag frá 2% til 16% auk 6% fyrir doktorspróf (alls 22%) vegna viðbótarmenntunar. Samkvæmt nýjum menntunarkafla verður ekki lengur greitt fyrir leyfisbréf eða nám sem ekki er á háskólastigi. Þetta gildir fyrir þá grunnskólakennara sem velja að fá nám metið skv. nýjum menntunarkafla.

Leiðbeinendur geta mest fengið 8% persónuálag vegna menntunar.

Grunnskólakennarar geta valið að fá viðbótarnám áfram metið skv. menntunarkaflanum eins og hann var í kjarasamningi aðila sem gildi til 31. nóvember 2017 (sólarlag).

Leiðbeinendur hafa ekki val um að halda þeim réttindum sem felast í menntunarkaflanum eins og hann var í kjarasamningi sem gildi til 31. nóvember 2017.

Leiðbeinendur 1 og 2 fá enga viðbótarmenntun metna fyrr en að loknu grunnnámi, B.ed,BS,BA eða sambærilegu háskólanámi.

Breytingar á launatöflum á samningstíma

Launatafla 2 gildir fyrir alla starfsmenn frá og með 1. júní til 31. júlí 2018. Þá tekur eftirfarandi við:

- Launatafla 2 gildir áfram frá 1. ágúst 2018 fyrir þá starfsmenn sem ekki velja nýja menntaunarkaflann og kjósa að fá menntun metna áfram sbr. gr. 1.3.2.2. Þeir starfsmenn sem kjósa að vera áfram á launatöflu 2 geta ekki bætt við sig launaflokkum fyrir viðbótarmenntun.
- Ný launatafla, (launatafla 1) tekur gildi 1. ágúst 2018 fyrir þá starfsmenn sem velja að taka laun samkvæmt nýjum menntunarkafla í gr. 1.3.2.1 (persónuálag vegna viðbótarmenntunar) og um alla þá starfsmenn sem ráðnir eru til starfa eftir 1. ágúst 2018 (nýir starfsmenn fara sjálfkrafa á töflu 1 frá og með 1. ágúst 2018).

Dæmi:

- **Grunnskólakennari með B.Ed. próf til kennsluréttinda.** Hann velur að fara á töflu 1 frá 1. ágúst 2018. Þessi starfsmaður fær ekkert persónuálag ofan á sína grunnröðun. Ef hann bætir við sig frekara námi sem metið er til ECTS eininga, fær hann 2% persónuálag fyrir hverjar 30 ECTS einingar og getur mest fengið 16% persónuálag.
- **Grunnskólakennari með M.Ed. próf til kennsluréttinda.** Hann velur að fara á töflu 1 frá 1. ágúst 2018. Þessi starfsmaður fær 8% persónuálag ofan á sína grunnröðun fyrir M.Ed. prófið. Ef hann bætir við sig frekara námi sem metið er til ECTS eininga, fær hann 2% persónuálag fyrir hverjar 30 ECTS einingar og getur mest fengið 16% persónuálag.
- **Grunnskólakennari með M.Ed. próf til kennsluréttinda.** Hann velur að vera áfram á töflu 2. Þessi starfsmaður heldur 2 launaflokkum ofan á grunnröðun starfs síns fyrir M.Ed. prófið eða 5,6%. Hann getur ekki bætt við sig fleiri launaflokkum í launatöflu 2 vegna frekara viðbótarnáms, en getur hvenær sem er valið að fara á launatöflu 1.
- **Grunnskólakennari með tvöfalt leyfisbréf og B.Ed. próf til kennsluréttinda.** Hann velur að fara á töflu 1 frá 1. ágúst 2018. Þessi starfsmaður fær ekkert fyrir leyfisbréf á tveimur skólastigum. Ef hann bætir við sig frekara námi sem metið er til ECTS eininga, fær hann 2% persónuálag fyrir hverjar 30 ECTS einingar og getur mest fengið 16% persónuálag.
- **Grunnskólakennari með tvöfalt leyfisbréf og M.ed. próf til kennsluréttinda.** Hann velur að fara á töflu 1 frá 1. ágúst 2018. Þessi starfsmaður fær 8% fyrir M.ed prófið en ekkert fyrir seinna leyfisbréfið. Hefði hann valið að fá menntun metna skv. eldri menntunarkafla hefði hann fengið 2 lfl. fyrir M.ed. prófið og 1. lfl. fyrir leyfisbréfið eða 8,6%.
- **Leiðbeinandi 3 og 4** fara allir á launatöflu 1 frá 1. ágúst 2018.
- **Leiðbeinandi sem hefur tekið 60 ECTS einingar sem áfanga í M.Ed. prófi til kennsluréttinda.** Hann er á töflu 1 frá 1. ágúst 2018 og fær 4% persónuálag ofan á viðkomandi launaflokk. Ef hann bætir við sig frekara námi sem metið er til ECTS eininga, fær hann 2% persónuálag fyrir hverjar 30 ECTS einingar og getur hæst fengið 8% persónuálag.

- **Leiðbeinendur 1 og 2** fá enga viðbótarmenntun metna fyrir en að loknu grunnnámi í háskóla þ.e. B.Ed., BA eða BS.

Leiðsögn nýliða

Frá 1. ágúst 2018 verður heimilt að fela kennara leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa við eða aðra skóla í sama sveitarfélagi. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum. Kennari sem tekur að sér leiðsögn nýliða samkvæmt ofangreindu fær eina kennslustund á viku í kennsluafslátt fyrir hvern nýliða sem hann hefur leiðsögn með.

Vinnuskylda

Grein um vinnuskyldu kennara breytist frá 1. ágúst 2018, sem þýðir eftirfarandi breytingar:

- Hugtakið „vinnumat“ fellur út úr samningnum.
- A, B, og C rammi falla út en í staðinn nær vinnuskýrsla kennara utan um skipulag vikulegrar vinnuskyldu og tekur við af eyðublaði vinnumats. Vinnutíma kennara er áfram skipt upp í þrjá þætti:
 - ✓ Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu (forgangur).
 - ✓ Önnur fagleg störf.
 - ✓ Starfsþróun og/eða aukinn undirbúningur.

Ákvæði kjarasamnings varðandi fyrirkomulag um viðveru kennara á vinnustað taka ekki breytingum.

Vikuleg kennluskylda er nú fest í 26 kest.

Tími til undirbúnings og úrvinnslu kennslu lengist um 1 klst. á viku þ.e. úr 10,67 klst. í 11,67 klst.

Á móti minnkar tími til annarra faglegra starfa um 1 klst. á viku þ.e. úr 9,14 klst. í 8,14 klst.

Af 8,14 klst. er skólustjóra heimilt að ráðstafa allt að 4 klst. á viku til funda og viðtalstíma.

Upprotisdagar

Frá og með skólaárinu 2018-2019 geta uppbrotsdagar mest orðið 10 dagar á skólaárinu. Skilyrði er að tilgreina þá á skóladagatali. Sú breyting verður að uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags. Í þeim tilfellum sem hann er nýttur sem hálfur dagur eða hluti dags telst hann sem heill uppbrotsdagur og dregst af þeim heildarfjölda uppbrotsdaga sem heimilt er að skipuleggja/nota innan skólaársins.

Viðbót við ákvæði um ferðalög með nemendum

Frá 1. ágúst 2018 verða greiddar 4 klst. í yfirvinnu vegna ferðalaga með nemendum til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00:00 – 07:00. Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Nýtt ákvæði grein 7.6.1. um skaðabótakröfu (gildir frá 1. júní 2018)

Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Ákvæðið er samhljóða og í öðrum kjarasamningum SNS.

Breytingar á ákvæðum 10. kafla um starfsþróun kennara og starfsþróunaráætlanir

Starfsþróunaráætlun skal gera árlega eða til allt að þriggja ára. Drög skulu liggja fyrir 1. janúar ár hvert og skal hún ná til næsta skólaárs. Þá eru samningsaðilar sammála um að æskilegt sé að kennari sem sækir sér nám á háskólastigi fái heimild til að nota hluta þeirra 150 klst. sem ætlaðar eru til starfsþróunar / undirbúnings kennara til námsins.

Launaflokkur fyrir 20 ára kennsluferil

Félagsmenn FG fá einn launaflokk þegar þeir hafa náð 20 ára kennsluferil. Kennarar sem völdu lífaldursleið árið 2004 fá með sama hætti einn launaflokk við 50 ára aldur.

Nýtt ákvæði um tæknifrjóvgun

Ákvæði gr. 13.2.11 er hliðstætt ákvæðum annarra kjarasamninga SNS og felur í sér rétt félagsmanns til allt að 15 daga fjarveru vegna tæknifrjóvgunar.